

EPIPEN®

EPIPEN® Jr

Sjálfvirkur adrenalín lyfjapenni
300 míkrogrömm / 150 míkrogrömm



NOTKUN BÚNAÐAR TIL SJÁLFVIRKRAR INNDÆLINGAR

Mikilvægar
öryggisupplýsingar



Í samráði við
læðastofn



VIATRIS™



1

LEIÐBEININGAR FYRIR EPIPEN/EPIPEN JR. ADRENALÍN SJÁLFVIRKT INNÐÆLINGARTÆKI

EpiPen/EpiPen Jr. er einnota, áfyllt, sjálfvirkt innðælingartæki sem gefur adrenalín ef um alvarleg ofnæmisviðbrögð er að ræða. EpiPen/EpiPen Jr. sjálfvirkt innðælingartæki er hannað til að vera notað af sjúklingnum/umönnunaraðilum til að dæla inn stöðluðum skammti af adrenalíni í utanvert lærið þegar um er að ræða lífshættuleg bráðaofnæmisviðbrögð. Ekki skal sprauta í rassvöðva. Hvert EpiPen/EpiPen Jr. tæki er aðeins hægt að nota einu sinni.

Sjúklingar sem eru þyngri en 30 kg eiga að nota EpiPen, en þeir sem eru milli 15 kg og 30 kg eiga að nota EpiPen Jr. Meta þarf í hverju tilfelli fyrir sig hvort EpiPen Jr. henti börnum undir 15 kg þyngd. Ekki er mælt með notkun hjá börnum sem eru innan við 7,5 kg að þyngd nema við lífshættulegar aðstæður og samkvæmt læknisráði.

a) Útlit tækisins

Blá öryggishetta

Fyrirbyggir virkjun EpiPen fyrir slysn.

Leiðbeiningar

Ítarlegar leiðbeiningar skref fyrir skref á tækinu – tryggja rétta notkun lyfsins í bráðatilvikum.

Gluggi

Skoðið reglulega til að ganga úr skugga um að lausnin sé tær og litlaus. Ef lausnin verður upplituð skaltu hafa samband við lækinn til að skipta um EpiPen.

Appelsínugul nálarhlíf

Hún heldur nálinni hulinni bæði fyrir og eftir notkun.



Skoðið gluggann á EpiPen reglulega til að ganga úr skugga um að lausnin sé tær og litlaus.



Hart hulstur með smelluloki

Til að tryggja öruggan flutning og skjótt aðgengi að EpiPen.

Nálarhlíf

Fyrir notkun



Eftir notkun



Gluggi

Fyrir notkun



Eftir notkun



VIATRIS™

b) Hvernig nota á EpiPen/EpiPen Jr.

Fjarlægðu EpiPen/EpiPen Jr. úr hulstrinu. Þú skalt leggja útaf með fæturna örlítið hærrí til að halda blóðinu á hreyfingu eða sitja í uppréttri stöðu ef erfitt er að anda.

1



Taktu EpiPen/EpiPen Jr. í ráðandi höndina (þá sem skrifað er með) með þumalfingur næstan bláu hettunni þannig að höndin lokist utan um EpiPen/EpiPen Jr. og dragðu bláu öryggishettuna af með hinni hendinni. Mundu: „Blátt til himins og appelsínugult að læri“.

2



Haltu EpiPen/EpiPen Jr. í u.þ.b. 10 cm fjarlægð frá utanverðu læri. Beindu appelsínugula oddinum að utanverðu lærinu.

3



Stingdu EpiPen/EpiPen Jr. ákveðið í utanvert lærið, hornrétt (90° horn). Haltu þétt upp að lærinu í 3 sekúndur. Inndælingu er nú lokið og glugginn á sjálfvirka inndælingartækinu er skyggður.

4



Fjarlægðu EpiPen/EpiPen Jr. og fargaðu á öruggan hátt. Appelsínugula nálarhlífín mun framlengjast til að hylja nálina.


5



Nuddaðu stungustaðinn í 10 sekúndur. Hringdu í 112, biddu um sjúkrabíl og tilkynntu „bráðaofnæmi“.

Haltu áfram að liggja útaf eða sitja og fáðu einhvern til að vera hjá þér þar til læknir hefur skoðað þig.

Meðvitundarlausu sjúklinga skal leggja í læsta hliðarlegu.



Kennslumyndband „Hvernig á að nota EpiPen/EpiPen Jr.” er aðgengilegt á vefsíðunni **www.epipen.eu**.

Vertu ávallt með tvo EpiPen/EpiPen Jr. meðferðis — ef einkenni dvína ekki innan 5–15 mínútna og þörf er á öðrum skammti. Hvert EpiPen/EpiPen Jr. tæki má aðeins nota einu sinni, því skal fargað strax eftir notkun.

Útskýrðu fyrir öðrum að þú sért í hættu á að fá bráðaofnæmisviðbrögð og hvað er ofnæmisvaki hjá þér. Upplýstu fjölskyldu, vini, kennara og samstarfsfólk um hvernig er hægt að þekkja einkenni bráðaofnæmis og hvað skal gera ef viðbrögð koma fram. Vertu viss um að þau viti hvar þú geymir EpiPen/EpiPen Jr. og hvernig á að gefa lyfið.

EpiPen þjálfunartæki (án lyfs, án nálar) er fánlegt hjá læknum eða hægt að panta á **www.epipen.eu** til þess að æfa sig fyrir notkun sjálfvirka inndælingartækisins í neyðartilvikum. Ef þú notar EpiPen þjálfunartækið skaltu tryggja að tækið með lyfinu og þjálfunartækið séu geymd á sitt hvorum staðnum til að tækjunum verði ekki ruglað saman í bráðatilviki. Á vefsíðunni **www.epipen.eu** er kennslumyndband um notkun EpiPen/EpiPen Jr.

2

ALGENGAR SPURNINGAR UM EPIPEN/EPIPEN JR.

Sp.: Hvernig mun ég vita hvort EpiPen og EpiPen Jr. hefur virkað og að ég hafi fengið það adrenalín sem ég þarf?

Sv.: Þegar þú sveiflar og stingur EpiPen/EpiPen Jr. í lærið mun nálin og skammturinn af adrenalíni verða losaður. Eftir að EpiPen/EpiPen Jr. hefur verið fjarlægt mun appelsínuguli endinn framlengjast til að hylja nálin og glugginn verður skyggður. Eitthvað magn af adrenalíni verður eftir í pennanum, það er fullkomlega eðlilegt. Þú munt fljótt byrja að finna adrenalínið virka. Mundu að hvern EpiPen/EpiPen Jr. penna má aðeins nota einu sinni.



EpiPen Jr. - hentar einstaklingum sem eru milli 15 kg og 30 kg að þyngd.



Gluggi sýnir mislitan vökva, ef þetta sést skaltu skipta sjálfvirka inndælingartækinnu út.

Sp.: Það er loftbóla í EpiPen/EpiPen Jr., er í lagi að nota það?

Sv.: Loftbólán er lofttegund sem heitir köfnunarefni, og það er fullkomlega eðlilegt að finna hana í EpiPen/EpiPen Jr. Ekki hafa áhyggjur af því að nota pennann því loftbólán mun ekki hafa áhrif á hvernig hann virkar.

Sp.: Hvernig á ég að geyma EpiPen/EpiPen Jr.?


Sv.: Adrenalin er viðkvæmt fyrir ljósi. Geymdu sjálfvirka inndælingartækið í ytri umbúðum og geymdu það við lægri hita en 25°C. EpiPen/EpiPen Jr. má ekki geyma í kæli, það má ekki frjósa eða vera í miklum hita. Geymdu látið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi. Þegar loft eða ljós komast að adrenalini, eyðileggst það fljótt og verður bleikt eða brúnt. Mundu að skoða innihald glerrörlykjunnar í sjálfvirka EpiPen/EpiPen Jr. inndælingartækinnu öðru hvoru til að tryggja að vökvinn sé enn tær og litlaus. Skiptu sjálfvirka inndælingartækinnu út á fyrningardegi eða fyrr ef lausnin er upplituð eða botnfall (fast efni) verður.

Sp.: Hvernig farga ég fyrndu EpiPen/EpiPen Jr. sem ekki hefur verið notað?

Sv.: Þú skalt leita ráða á heilsugæslustöðinni þinni eða hjá lyfjafræðingi, sem mun geta veitt þér ráðleggingar.

Sp.: Hvað á ég að gera ef ég tek eftir því að EpiPen/EpiPen Jr. er fyrnt?

Sv.: Þú skalt leita til þíns læknis eða lyfjafræðings um leið og mögulegt er til að fá nýjan penna.



Ef þú lendir í vandræðum með EpiPen/EpiPen Jr. skaltu leita til heilsugæslustöðvarinnar eða lyfjafræðings, sem mun geta ráðlagt þér.



Að ferðast með EpiPen/EpiPen Jr.

Sp.: Hvað þarf ég að hafa í huga þegar ég ferðast með EpiPen/EpiPen Jr.?


Sv.: Undirbúðu þig þannig að þú hafir nægilega mörg tæki meðferðis því í sumum löndum er erfitt að fá EpiPen/EpiPen Jr. Að auki óska sum flugfélög eftir því að sjá læknisvottorð frá læknum þínum áður en þú mátt fljúga. Þú skalt upplýsa flugfélagið áður en kemur að þínu flugi ef þess gerist þörf.

3

ÞEKKTU EPIPEN/ EPIPEN JR.

Til að æfa þig beint í notkun EpiPen/EpiPen Jr. skaltu fara inn á **www.epipen.eu**.

EpiPen þjálfunarmyndband



Skannið QR kóðann til að fara á heimasíðu EpiPen og horfa á myndbandið.



Viatrix ApS
Borupvang 1
2750 Ballerup
Danmörk

www.epipen.eu